



Borgarráð

Gufunessvæðið - lóðarvilyrði til Sonik ehf.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Sonik Tækni (Sonik) ehf. kt. 530514-0640, Tunguhálsi 8, 110 Reykjavík, vilyrði fyrir lóð á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar fyrir byggingu allt að 1800 fermetra að grunnfleti með fyrirvara um samþykki deiliskipulags fyrir svæðið á lóðarafmörkun og byggingarrétti.

Greinargerð: Reykjavíkurborg hefur með stefnumörkun og skipulagssamkeppni ákveðið að á nýjum lóðum á svæði gömlu Áburðarverksmiðjunnar verði einkum starfsemi sem tengist kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti. Nú þegar hafa tvö fyrirtæki komið sér fyrir á svæðinu, Reykjavík Studios ehf. og Kukl ehf. sem bæði eru ákveðin kjölfesta fyrir áframhaldandi þróun svæðisins. Sonik er fyrirtæki á sviði hljóð- og kvikmyndavinnslu og tengist aðalstarfsemi þess hljóð-, mynd-, túlka-, og vefútsendingum og uppsetningu ljósabúnaðar fyrir viðburði, ráðstefnur og sjónarvarp auk fleiri verkefna. Starfsemi fyrirtækisins fellur því vel að þróun og uppbyggingu kvikmyndaþorps í Gufunesi. Unnið er nú að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Verð byggingarréttarins verður ákveðið með mati tveggja löggiltra fasteignasala þegar úthlutun lóðarinnar fer fram. Lóðarvilyrði þetta er tímabundið og gildir í tvö ár frá því að deiliskipulag hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Sonik getur, eftir gildistöku deiliskipulagsins og í tvö ár þaðan í frá, óskað eftir úthlutun lóðarinnar. Nýti félagið sér ekki lóðarvilyrði þetta á umræddum tíma, fellur lóðarvilyrðið niður. Óheimilt er að framselja lóðarvilyrði þetta nema með samþykki borgarráðs.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Umsókn Sonik um lóð, dags. 31.10.2017.

Reykjavík 31.10.2017



Ég undirritaður óska hér með formlega eftir lóð, ca. 3000-4000 fermeterar, undir hús að stærðargráðunni 1500-1800 fermetrar, fyrir hönd fyrirtækis míns Sonik tækni ehf

Sonik er fyrirtæki byggt á fyrrum tækjaleigu Nýherja en megin starfssemi fyrirtækisins gengur út á að leigja út og þjónusta hljóð-, mynd-, túlka-, vefútsendinga- og ljósabúnað fyrir viðburði, ráðstefnur og sjónvarp svo eitthvað sé nefnt.

Síðustu ár höfum við séð um ráðstefnur Norðurlandaráðs, Nato fundi, fundi og skemmtanir fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins auk þess sem við höfum séð um hljóð í sjónvarpsþáttum á borð við spurningabombuna, The Voice og kóra Íslands svo eitthvað sé nefnt. Við höfum einnig sent hljóðmenn í verkefni á borð við lokakeppni Eurovision o.fl.

Sonik veitir einnig ráðgjöf í sölu- og leiguverkefnum sem annaðhvort eru unnin af öðrum fyrirtækjum hér á landi eða sem unnin eru erlendis.

Við erum í góðum samskiptum við tækjaleigur erlendis sem ýmist koma sínum viðskiptavinum í samband við okkur ef þeir þurfa þjónustu á Íslandi eða öfugt, þ.e. að við komum viðskiptavinum okkar í samband við tækjaleigur erlendis þegar þeir þurfa þjónustu erlendis.

Dæmi um verkefni sem við erum að vinna þessa vikuna eru Haustfundur Landsvirkjunar í Hörpu, hljóð-, mynd- og ljósabúnaður fyrir Fox sjónvarpsstöðina í verkefni sem við erum annars bundnir trúnaði með hvert er, hljóð- og ljósabúnaður fyrir ýmis off venue á Iceland Airwaves, vefútsendingar frá ársfjórðungs uppgjörum Regins og Sjóvá ásamt ýmsum minni verkefnum. Búnaðurinn í þessi verkefni er að mestu leyti til á leigulager Sonik en búnaður sem ekki er mikil eftirspurn eftir á Íslandi kemur að utan og er t.d. sá búnaður sem kemur lengst að fenginn frá leigu sem við erum í miklum samskiptum við í Dubai.

Einnig erum við með fasta samninga um tækniþjónustu við aðila eins og KSÍ og HSÍ þar sem við sjáum um LED skilti og hljóð og Perlu Norðursins þar sem við sjáum um að manna stöðu tæknistjóra hússins.

Það er því ljóst að starfssemi Sonik fer stækkandi og sjáum við fram á að þurfa að stækka við okkur húsnæðið fljótlega en í dag erum við í um 1.100 fermetra leiguhúsnæði, sem þó nýtist ekki eins og best væri á kosið.

Ef frekari upplýsinga um Sonik tækni er óskað er ég, undirritaður alltaf til taks í síma 6646443 eða í tölvupósti á hlynur@sonik.is

Með vinsemd og virðingu
Fyrir hönd eigenda Sonik Tækni ehf

Hlynur Friðriksson